



Þetta er veggklæðið, sem frú Ásgerður E. Búadóttir hlaut verðlaunin fyrir. Heitir það „Konan og fuglinn“.

Ung íslensk kona hlaut gullverðlaun á alþjóðlegri sýningu fyrir fagurt, veggklæði

Íslenska listiðnaðardeildin í München vakti mikla athygli og hlaut hina beztu dóma

Í gær kvaddi stjórn félagsins „Íslenskur listiðnaður“ blaðamenn á sinn fund til að skýra frá þátttöku Íslendinga í alþjóðlegri sýningu listiðnaðar, sem haldin var í München í Þýskalandi. Lúðvíg Guðmundsson, skólastjóri, hafði orð fyrir stjórn félagsins og skýrði frá því, að íslensk kona, frú Ásgerður E. Búadóttir, hefði hlotið gullverðlaun á sýningunni fyrir fagurt og listrænt handfðið veggklæði.

Var frú Ásgerður mætt þarna á fundinum og veitti móttöku gullverðlaunum ásamt tveim heiðurs-skjólum frá forsætisráðherra Bayern. Auk stjórnarinnar, heiðursgestsins og blaðamanna, voru ráðherrarnir Dr. Kristinn Guðmundsson og Ingólfur Jónsson mættir þarna svo og Dr. Kuhle, staðgengill sendiherra Þjóðverja, sem flutti ávarp við þetta tækifæri. Frú Ásgerður er ættuð frá Borgarnesi.

Ung kom hún í Handíða- og myndlistaskólann og stundaði þar nám í 3 ár. Síðan stundaði hún framhaldsnám í Kaupmannahöfn við listaháskólann.

Íslenska deildin vakti athygli.

Íslenska listiðnaðardeildin vakti yfirleitt mikla athygli og hlaut beztu dóma almenningssins og kunnáttumanna fyrir listrænt og vandað handbragð. Íslenskir stúdentar í München veittu mikla aðstoð við vörslu á sýningu og við að leiðbeina gestum. Sveinn Guðmundsson, verkfræðistudent í München, kom fram fyrir hönd félagsins og veitti móttöku þeim verðlaunum, sem nú hafa verið afhent frú Ásgerði.

Eimreiðin í nýjum búningi

í umsjá nýrra eigenda

Tímariðið Eimreiðin er nú komin út í nýjum búningi í umsjá nýrra eigenda. Félag íslenskra rithöfunda hefir keypt ritið af Sveini Sigurðssyni og hyggst gefa það út. Ritið er þó á ýmsan hátt líkt í sniðum og áður, en ný kápa hefir verið gerð á það og efnisskipun og efnisval með nokkuð öðrum hætti en áður var.

Stjórn félagsins hefir ráðið ritstjóra Guðmund G. Hagalín, en í ritstjórn með honum verða Þorsteinn Jónsson, og Helgi Sæmundsson. Afgreiðslumaður ritsins er Indriði Indriðason.

Af efni þessa fyrsta heftis má nefna kvæði eftir Valtý Guðmundsson, grein um Eimreiðina fyrr og nú eftir ritstjórn, grein um dr. Valtý Guðmundsson eftir Jónas Jónsson, kvæði eftir Andrés Björnsson, smásagan Fylgdarmaður eftir Þórleif Bjarnason. Þá er frásögn eftir Þóri Bergsson, er nefnist úr Fremribyggð og Tungusveit, þrjú kvæði eftir Þorgeir Sveinbjarnarson og grein um norska skáldið Tarjei Vesaas eftir Ivar Ormland, sendikennara. Þá er allmikið af ritdómum um íslenskar bækur og rittfregnum um erlendar.

Skæruliðar hafa alls kálað 31 Breta á Kýpur

Nicosia, 17. maí. Síðast liðinn sólarhring hafa tveir brezkir hermenn verið vegnir á Kýpur úr launsátri. Hafa þá alls verið drepnir 31 brezkur hermaður á Kýpur síðan skæruliðasamtökin Eoka tóku til starfa fyrir um það bil ári síðan. Liðsföringinn, sem var drepinn í morgun, lézt samstundis og þeir hermenn, sem með honum voru, særðust nokkuð.

Árásin var gerð við borgina Famagusta. Voru hermennirnir í bifreið á eftirlitsferð, er sprengju var varpað að bílnum frá runnum rétt við veginn. Leitað hefir verið að tilræðismönnum, en þeir ekki enn fundizt.

Hinn hermaðurinn, sem drepinn var s. l. sólarhring, var veginn úr

Tvísýna – hársbreidd

Í Austurlandi blaði kommúnista á Norðfirði, segir svo um ástand og horfur í kosningunum í Suður-Múlasýslu 11. þ. m.:

„Ef við litum á þetta kjördæmi, Suður-Múlasýslu, með hliðsjón af síðustu kosningum, blandast okkur ekki hugur um, hver úrslitin muni verða. Framsókn sigraði þá með það miklum yfirburðum, að telja verður að hún haldi báðum sætum örugglega.“

Ög enn segir kommablaðið: „Úrslitin hvað snertir kjördæmakosnu þingmennina geta ekki verið tvísýn.“

Loks kemur svo rúsinan í pylsundanum, en það er dagskipanin, en hún hljóðar svo:

„En það er annað, sem er tvísýnt í þessum kosningum og það er hvort Lúðvík Jósepssyni tekst að halda uppþótarþingsæti sínu. Við síðustu kosningar munaði aðeins hársbreidd.“

Þannig er nú hljóðið í blessuðum kempunum hálfum öðrum mánuði fyrir kosningar. — Hvað mun síðar verða? — i-gkalih

50. sýning á „Kjarnorku og kvenhylli“

Síðast liðið miðvikudagskvöld sýndi Leikfélag Reykjavíkur gamanleikinn Kjarnorku og kvenhylli eftir Agnar Þórðarson í 50. sinn. Var hvert sæti skipað í leikhúsinu og að leikslökum var höfundurinn kallaður fram, en formaður L. R., Lárus Sigurbjörnsson, færði honum fyrir hönd stjórnar Leikfélagsins fagra blómakörfu og ávarpaði hann nokkrum orðum að tilefni þess, að leikritið var nú sýnt í fimmtugasta sinn. Hafa fá íslensk leikrit náð svo hárrí sýningartölu og ekki nema eitt, Gullna hliðið, sem hefir náð hærri sýningartölu á sama leikárinu. Að lokum heiðruðu leikendur og starfsmenn L. R. Agnar Þórðarson með ferföldu húrrahrópi, en áhorfendur klöppuðu honum óspart lof í löfa. — Næsta sýning á gamanleiknum verður á annan í hvítasunnu og verður það þriðja sýning leiksins, þar sem starfsári L. R. lýkur 31. maí.

Brezka sendiráðið sýnir merka kvikmynd um aðra helgi

Um aðra helgi sýnir brezka sendiráðið enska úrvalskvikmynd í Tjarnarbió og er aðgangur ókeypis, eins og að fyrri sýningum sendiráðsins í vetur. Að þessu sinni verður sýnd brezka stórmyndin, sem fjallar um leiðangur Scott til Suðurlandsins 1912. Er þessi kvikmynd tekin í litum og leikur John Mills aðalhlutverkið. Var taka þess arar kvikmyndar talin mikið afrek. Nokkur hluti hennar var tekinn með ærinni fyrirhöfn og áhættu í svissnesku Ölpunum.

Þessi mynd verður sýnd tvisvar á vegum sendiráðsins. Fyrst í Tjarnarbió á laugardaginn 26. maí og síðan sunnudaginn 27. maí.

AÐALFUNDUR KAUPFÉLAGS KÓPAVOGS

verður haldinn þriðjudaginn 22. maí 1956 kl. 9 síðdegis í barnaskóla Kópavogs.

Fundarefni:

Venjuleg aðalfundarstörf.

STJÓRNIN.

Frá barnaskólum Reykjavíkur

Þau börn, sem fædd eru á árinu 1949 og verða því skólaskyld frá 1. sept. n. k., skulu koma til innritunar og prófa í barnaskóla bæjarins miðvikudaginn 23. maí kl. 2—4 e. h.

Fræðslufulltrúinn.

Tilkynning um andlát og jarðarför

Hinn 23. des. s. l. andaðist að Gimli í Manitobafylki í Kanada

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson,

skáld og rithöfundur frá Syðra-Hverfi í Svarfaðardal.

Jarðneskar leifar hans og síðari konu hans, Guðmundu Haraldsdóttur, verða jarðsettar að Völlum í Svarfaðardal, sunnudaginn 27. maí kl. 2 síðdegis.

Reykjavík, 17. 5. 1956.

Eiríkur Hjartarson,
Snorri Sigfússon.

Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Sigurveig Jónsdóttir,
Nesvegi 68,

lézt í Landsspítalanum þann 10. þ. m. Bálför hefir farið fram. Þökkum innilega auðsýnda samúð.

Ófeigur Eyjólfsson,
Fanney Ófeigsdóttir,
Geirmundur Sigurðsson
og barnabörn.

Hjartanlega þökkum við auðsýnda samúð og vináttu við andlát og jarðarför

Árna Erlendssonar,
Skíðbakka, Landeyjum.

Erlendur Árnason,
Guðbjörg Jónsdóttir og börn.

Hjartans þakklæti til hinna mörgu, sem hafa sýnt okkur samúð og vinarhug í veikindum og við útför

Ingólfs Sigurðssonar,
Heiðargerði 102.

Eiginkona, börn,
tengdabörn og barnabörn.

Öllum þeim, sem heiðruðu minningu móður minnar

Ólafar Sigurðardóttur
frá Gaul

færi ég mínar beztu þakkir, sömuleiðis Kvenfélagi Staðarsveitar fyrir rausnarlegar veitingar við jarðarför hennar. — Með alúðar kveðju og þökk.

Sigrún Sveinsdóttir.